



Lestarrstefna Áslandsskóla



Lestur er lífsins leikur

Formáli

Lestrarstefnu skólans er ætlað að vera upplýsandi og leiðbeinandi áætlun fyrir starfsfólk skólans og foreldra. Hún stuðlar að samfelli í lestrarnáminu og gefur starfsfólki og foreldrum skýra sýn á hvert er stefnt og hvaða leiðir á að fara. Foreldrar þurfa að vera vel upplýstir um þær aðferðir sem notaðar eru við kennslu læsis í skólanum. Það auðveldar þeim að styðja við barn sitt og hvetja það áfram. Með lestrarstefnunni er leitast við að samræma og skýra mat á árangri nemenda, veita virka eftirfylgni og stuðla þannig að jöfnum rétti allra nemenda til árangurs í lestrarnáminu. Læsisstefna Áslandsskóla er nánari útfærsla á Aðalnámskrá Grunnskóla sem og læsisstefnu Hafnarfjarðar Lestur er lífsins leikur.

Snemmtæk íhlutun er ein af meginstoðum læsisstefnunnar því þar er að finna grunninn að góðu gengi í lestri. Í henni felst reglubundið mat á lestrargetu yfir fyrsta skólaárið. Þá er jafnframt lögð áhersla á einstaklingsmiðaða kennslu sem byggir á árangursríkum raunprófuðum kennsluaðferðum sem fela í sér þjálfun hljóðkerfisfærni, kennslu í hljóðaaðferð, lesfimi og lesskilningi. Í upphafi er einkum um það að ræða að ná tókum á undirstöðuatriðum í lestri, styrkja hljóðkerfisvitund og fylgjast með að lestrarferli þróist eðlilega. Til þess má nota lesskimanir og lesskilningspróf. Rannsóknir á lestrarferlinu hafa á undanförunum tveimur áratugum aukið til muna þekkingu manna á því hvaða aðferðir eru árangursríkastar við að ná góðum tókum á lestri.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á þeim kröfum sem samfélagið gerir til lestrarfærni. Það felst einkum í því að sá texti sem ber fyrir augu lesanda er mun fjölbreytilegri en áður og birtist ekki einungis á pappír heldur einnig á rafrænu formi.

„Það er mikilvægt markmið lestrarkennslu að leið nemandans liggi til sjálfstæðis þannig að smám saman fari hann að velja sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga. Þá er mikilvægt að hann læri og geti beitt aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Læsi er einn af grunnþáttum menntunar samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2013). Læsi er forsenda fyrir góðum árangri í bóknámi. Í aðalnámskrá segir enn fremur „að góð lestrarfærni sé undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningar þjóðar“ (2013:99)

Grunnstoðir læsis

Hlustun

Hlustun er eitt grundvallaratriðið í máltöku barna. Til að barn geti tileinkað sér hljóðkerfi tungumálsins verður það að hlusta. Með hlustun byggir barn upp orðaforða sinn sem meðal annars er undirstaða fyrir lesskilning seinna meir. Hlustun þjálfar athygli og einbeitingu sem eru mikilvægir þættir í lestrarnáminu. Lestur fyrir börn er góð leið til að efla hlustun og þjálfva einbeitingu. Hugmyndaríkur texti barnabókanna eflir hlustun þar sem hann nær vel til barnanna og fær þau til að hlusta af athygli og meta betur það sem sagt er

Talmál

Skapa þarf börnum aðstæður til að njóta tungumálsins. Vinna þarf með orðaforða og gefa þeim tækifæri til að spjalla saman um persónulega reynslu sína. Orðaforði hefur áhrif á leshraða, því fleiri orð sem barnið þekkir í texta því hraðar og áreynslulausar les það textann. Leggja þarf áherslu á að auka tal- og hlustunarorðaforða hjá nemendum en hlustunarskilningur og síðar lesskilningur byggja á góðum orðaforða. Færni barns í að segja frá, útskýra og gefa upplýsingar hefur mikil áhrif á hvernig það tileinkar sér læsi og ritun.

Lestur

Lestur er leið lesanda að samfélaginu, leið hans til náms og til ánægjuauka. Lestur samanstendur af tveimur megin þáttum. Annars vegar tæknilega þættinum sem felur í sér að vita heiti og hljóð bókstafanna og tengja hljóðin saman í merkingarbær orð. Hins vegar af lesskilningi sem felur í sér að ná merkingu úr lesnum texta, tengja hann við fyrri þekkingu og byggja ofan á hana. Báðir þessir þættir eru jafn mikilvægir til þess að geta lesið sér til gagns. Lesskilningur er ferli sem gerir lesaranum mögulegt að skilja texta, hugleiða og draga ályktanir. Hann getur aldrei orðið sjálfvirkur þar sem hann krefst alltaf athygli og virkrar hugsunar. Þegar árangursríkur lestur hefur átt sér stað lýsir það sér í heildstæðri og nothæfri mynd af textanum í huga lesarans. Svo þetta geti orðið þarf lesarinn að búa yfir ríkulegum orðaforða, góðri bakgrunnsþekkingu, hæfni til að draga ályktanir, þekkingu á uppbyggingu máls og texta og vitund um eigin skilning. Því er mikilvægt að lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum grunnskólans sé markviss, fjölbreytt og taki á öllum þessum þáttum. Rannsóknir sýna að sterk tengsl eru á milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimina eflist jafnframt lesskilningurinn.

Ritun

Ritun og lestur eru gagnvirk ferli sem þjálfva þarf samhliða. Ritun má greina í tvo samofna meginþætti, tæknilega þætti eins og skrift, stafsetningu og uppsetningu texta og efnisleg atriði eins og skipulag og málsnið. Grunnur að færni í ritun er lagður strax á heimili barna með þjálfun talmáls og með því að lesa fyrir þau. Því meira sem barnið les og lesið er fyrir það því víðari verður sjóndeildarhringur þess. Reynsla lesanda hefur bæði áhrif á lesskilning og ritun, þ.e. reynsla og áhugi nemandans litar frásögn hans í ritun.

Læsisáherslur Áslandsskóla

Áslandsskóli leggur mikla áherslu á að rækta læsi í víðum skilningi svo nemendur geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar bæði sér til gagns og gamans. Unnið er að því að nemendur geti nýtt sér margvíslega miðla í þekkingarleit og við úrvinnslu, lesið úr myndritum á ýmsu formi, myndað sér skoðanir út frá lesnu efni og tjáð sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt. Í skólanum hefst kennsla í ritun samhliða kennslu í lestri, því unnið er að umskráningu jafnt í báðar áttir það er frá staf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til stafs (ritun).

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að tryggja kunnáttu nemenda í umskráningu stafa og hljóða. Grunnfærni í lestri og ritun er þjálfuð, þannig að nemendur geti lesið einfaldan texta sér til gagns og gamans og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum ritun, endursögn eða annars konar tjáningarform.

Á miðstigi er haldið áfram að þjálfa nemendur í lestri, þeim kennt mismunandi lestrarlag og það þjálfað. Jafnframt fá þeir þjálfun í ritun og þeir gerðir færir um að skrifa ólíkar tegundir texta.

Á unglíngastigi fá nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið texta af öryggi og með skilningi. Nemendur þurfa að geta valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur og ritun, ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta.

Læsisþjálfun eftir árgöngum

Áherslur	1. – 4. bekkur	5. – 7. bekkur	8. – 10. bekkur
Lesið fyrir börnin	Alla daga	Alla daga (nestistími)	Minnst einu sinni í viku
Hljóðkerfisvitund Bókstafir og hljóð	Unnið með alla daga í 1. -2. bekk eftir þörfum		
Skólalestur, lesið fyrir kennara eða félag	Alla daga	Alla daga	Minnst einu sinni í viku
Heimalestur	Lesið 5 daga vikunnar	Lesið 5 daga vikunnar	Lesið 5 daga vikunnar
Frjáls lestur / yndislestur	Alla daga (skoða bækur, hlusta á hljóðbækur)	Minnst þrisvar í viku	Minnst einu sinni í viku
Lestrarsprettir	Að lágmarki einu sinni á önn	Að lágmarki einu sinni á önn	Að lágmarki einu sinni á önn
Vinna með orðaforða/ málskilning / lesskilning	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Áhersla á framsagnarlestur	Áherslur á upplestur og framsögn í 4. bekk	Áherslur á upplestur og framsögn í 7. bekk	
Fræðsla til foreldra um málörvun/ læsi	1. bekk	5. bekk	8. bekk

Lestrarsprettir

Til þess að ná upp góðri lesfimi þurfa nemendur stöðuga og mikla þjálfun. Tvisvar á skólaárinu leggjum við upp með lestrarsprett sem stendur í tvær til þrjár vikur hverju sinni. Markmiðið er að efla sjálfvirkan lestur þannig að hann verði smám saman hraðari og fyrirhafnalaus. Nemendur eru hvattir til að lesa sem mest og árangur þeirra gerður sýnilegur. Það er til dæmis gert með því að hengja upp á veggri nöfn bóka eða blaðsíðufjöldann sem nemendur lesa, setja upp súlurit, safna poppbaunum og fleira. Lestrarspretturinn er hugsaður sem samvinnuverkefni heimila og skóla, því að þátttaka og stuðningur foreldra stuðlar að aukinni lestrarfærni nemenda og eykur jafnframt samstarf við foreldra

Stóra og litla upplestrarkeppnin

Árlega tekur 7. bekkur þátt í Stóru upplestrarkeppninni. Undirbúningur hefst á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember og keppninni lýkur með uppskeruhátíð í mars þar sem sigurvegarar innan skólans keppa til úrslita við nemendur úr grunnskólum Hafnarfjarðar. Áhersla er lögð á að æfa vandaðan blæbrigðaríkan upplestur og skýran framburð þennan tíma sem og að fá alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarkeppninni. Megimarkið keppinnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa við sjálfan sig, að verða betri í dag en í gær.

Lesfimi og læsi

Lesfimi (leshraði og lestrarnákvæmni)

Við upphaf lestrarnáms reynir mikið á hljóðkerfispátt tungumálsins, hljóðkerfisvitundina. Barn sem er að byrja að læra að lesa beinir athygli sinni að tæknilegri hlið lestrarnámsins, bókstöfum og hljóðum, hvernig þau tengjast og hvernig breyta á stöfum í hljóð og orð. Mismunandi er hjá einstaklingum hvernig þetta ferli gengur og eiga sumir hverjir í miklum erfiðleikum með þetta grunnstig lestrarnámsins, sem síðar þróast út í það að einstaklingur verður læs. Lestur þróast jafnt og þétt eftir að umskráningu stafa í orð og hljóð er náð. Leshraði eykst jafnt og þétt og skilningur á því sem lesið er eflist einnig. Mikilvægt er að erfiðleikar greinist sem fyrst svo hægt sé að bregðast við á „réttan“ hátt. Lestrarferfiðleikar sem tengjast því að ná ekki viðunandi færni í að tengja saman bókstafi og hljóð/orð nefnast í daglegu tali lesblinda eða dyslexia. Lestur þarf að þjálfast og viðhalda. Til þess að eftirfarandi atriði þjálfist er mikilvægt að skóli og heimili vinni saman að því að gera lestur áhugaverðan og jákvæðan.

Þjálfaður lestur byggist á:

1. því að greina samspil bókstafa og hljóða svo umskráning geti átt sér stað

2. góðum orðaforða og málskilningi

3. góðri lesfimi þ.e. að geta lesið hratt og fyrirhafnarlaust á þann hátt að athygli beinist strax að innihaldi þess texta sem lesinn er

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um, að þótt barnið sé farið að lesa á ásættanlegum hraða er ekki þar með sagt að lesturinn sé í lagi. Lestur felur ekki aðeins í sér umskráningu stafa og orða heldur byggir hann einnig á málskilningi barnsins. Samspil þessara tveggja grunnhugtaka í lestrarfræðunum, umskráningar og málskilnings, þarf að vera til staðar svo góður árangur náist í lestri.

Kennsluaðferðir skólans

Árgangur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
Lestrarinnlögn										
K-PALS										
Orðhlutaleið										
PALS										
Gagnvirkur lestur										
Yndislestur										

Litamerkingar: ljósgrár sumir nemendur, dökkgrár allir nemendur

Hljóðaaðferð (lestrarinnlögn)

Hljóðaaðferð er kennsla í heitum bókstafa, hljóðum þeirra og hvernig hljóð tengjast saman í orð. Samband stafatákns og hljóðs er þar grundvallaratriði. Með hljóðaaðferð geta nemendur tileinkað sér skilvirka tækni til að lesa. Gott vald á hljóðum auðveldar tengingu þeirra og hjálpar einnig við ritun orða. Nemendur læra að hvert stafatákn á sitt hljóð og með því að tengja þau saman verða til orð. Nemendur umskrá orðin yfir í lestur með því að hljóða sig í gegnum textann.

K-PALS

Í kennslustundum í K-PALS er lögð áhersla á hljóð bókstafa, umskráningu, hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða. Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Kennslustundir byrja ávallt á hljóðaleik og eftir það eru umskráningarverkefni unnin. Í hljóðaleikjaverkefnum eru nemendur að greina hljóð, rím, samtengingu og sundurgreiningu. Unnið er með sömu hljóð og nemendur eru að læra á hverjum tíma. Mikil endurtekning er í verkefnum sem stuðlar að aukinni sjálfvirkni í að þekkja og tengja hljóðin við bókstafina. Nemendum er kennt að þekkja algengar orðmyndir og æfa sig í að umskrá einföld orð sem eru sett saman úr hljóðum sem þegar hafa verið æfð. Í síðari hluta verkefnanna æfa nemendur sig að lesa heilar setningar sem innihalda þau orð sem þeir hafa þegar æft sig í að umskrá og sjónorð sem þeir eru búnir að læra. Nemendur fá umbun og

endurgjöf fyrir unnin verkefni í formi broskalla og stiga sem þeir safna á stigablað. Nemendur geta fengið aukastig fyrir að halda sig við efnið, vinna vel saman og nota réttar K–PALS aðferðir

Orðhlutaleið

Orðhlutaleið er þjálfun í að þekkja ritháttarmyndir orða og hugtaka. Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða og algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt. Sem dæmi má nefna 100 orða listann sem bæði er unnið með í skólanum og heima.

PALS

PALS stendur fyrir Peer Assisted Learning Strategies og hefur fengið íslenska heitið Þör Að Læra Saman. PALS er lestrarkennsluaðferð þar sem nemendur vinna saman í þörum og fara samskipti nemenda fram eftir ákveðnu ferli. Þörin skiptast á að vera þjálfarar og lesarar og hafa ákveðnum hlutverkum að gegna. Nemendur læra aðferðir til að leiðrétta og hrósa. Þeir fá umbun fyrir frammistöðu sína í formi stiga sem safnað er saman á stigablað. Í PALS er lögð áhersla á lestrarfærni og lesskilning. PALS kennslustund skiptist í paralestur, endursögn, að draga saman efnisgreinar og forspá. Nemendur fá stig fyrir hverja lesna málsgrein og einnig fyrir endursögn. Nemendur geta einnig fengið bónusstig frá kennara ef þeim gengur vel. Í PALS kennslustundum fá nemendur góða lestrarþjálfun þar sem allir eru virkir allan tímann, nemendur fá leiðréttingu frá lestrarfélögum sínum jafnóðum og sama einfalda ferlið endurtekur sig stöðugt.

Gagnvirkur lestur

Gagnvirkur lestur beinir huga lesandans að lesefninu og hvernig það tengist fyrri þekkingu hans á því. Lögð er áhersla á að lesandinn beiti ályktunarhæfni sinni, lesi milli lína, gæti vel að því sem er óljóst og spyrji sig spurninga um efnið og eigin skilning. Aðferðin er heildstætt ferli en einnig má taka út staka þætti hennar sem eru að taka saman meginefni, spyrja sig spurninga, leita útskýringa á orðum, hugtökum og efni þegar það er óljóst og spá fyrir um framhaldið.

Yndislestur

Yndislestrarstund er lestrarstund þar sem allir nemendur eru að lesa bók að eigin vali sér til skemmtunar. Kennarar skipuleggja hvaða tími dags er nýttur til yndislesturs. Meðan nemendur lesa gengur kennari á milli þeirra, sýnir áhuga á lestrinum og vali á lesefni. Hann spyr og ræðir við nemendur um lesefnið t.d. heiti, textategund (sögu- eða fræðibók), höfund, persónur, umhverfi og/eða annað sem við á. Markmið yndislestrar er að nemandinn lesi sér til ánægju. Yndislestur getur aukið við orðaforða, skilning og þekkingu nemenda og þar með námsárangur þegar til lengri tíma er litið.

Lestrarnám barna með annað móðurmál en íslensku

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá þjálfun í íslensku máli og tækifæri til að þróa þekkingargrunn sinn og læsi. Nýbúakennslu er ætlað að styrkja þessa nemendur til þátttöku í

skólastarfinu. Markmiðið með kennslunni er að nemendur verði færir um að skilja og nota íslenskt mál, talað og ritað, og geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar.

Helstu leiðir að læsismarkmiðum:

- Tryggja að nemendur nái valdi á réttum hljóðum hljóðlíkra stafa (s.s. þ, ð og f, g og k, t og d) og sérhljóða (s.s. o, ó, ö og u sem og broddstafa og ekki broddstafa).
- Dagleg vinna með lestur á íslensku í skólanum.
- Orðaforði og hugtakaskilningur efldur í gegnum námsefni hvernar námsgreinar.
- Foreldrar hvattir til að kenna börnum sínum að lesa á móðurmáli sínu og til að ýta undir að börnin lesi efni á móðurmálinu heima og í skóla

Árangursmælingar, markmið og viðmið

Áslandsskóli notar viðmið Menntamálastofnunar fyrir lesfimiþrófið Lesferil til viðmiðunar um leshraða. Markmið skólans er að sem flestir nemendur nái amk 50 % viðmiðinu. Allir nemendur sem ná ekki 90 % viðmiðum fá íhlutun og efni til þjálfunar heima.

Matsviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi lesinna orða á mínútu

Aldur nemenda	90 % viðmið	50 % viðmið	25% viðmið
1.bekkur	20	55	75
2.bekkur	40	85	100
3.bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5.bekkur	90	140	160
6.bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8.bekkur	130	180	210
9.bekkur	140	180	210
10.bekkur	145	180	210

Árangursmælingar hafa þann tilgang að upplýsa um gengi nemenda svo unnt sé að leggja mat á næstu skref í námi og kennslu. Mikilvægt er að kennari fylgist með raunverulegum athöfnum nemenda sinna þegar þeir vinna í merkingarbærum aðstæðum, s.s. daglegum lestri og ritun og beri saman við frammistöðu þeirra áður. Þá eru einnig í hverjum árgangi lögð fyrir ákveðin skimunarpróf/hóppróf en þeim er ætlað að veita upplýsingar er varða:

- stöðu nemenda í tiltekinni grein
- nemendur sem skera sig úr á einhvern hátt varðandi færni, þekkingu og viðhorf
- samanburð milli hópa eða tímabila. Áður en til skimunar kemur er mikilvægt að þau viðmið sem gilda séu skýr og búið sé að leggja línurnar um hvað eigi að gera í framhaldi af skimuninni. Í eftirfarandi töflum má sjá yfirlit yfir þau lesfimi og skimunarpróf sem lögð eru fyrir í hverjum árgangi, hvenær og af hverjum

Bekkur	Prófgögn	Tími	Ábyrgð	allir	sumir
1.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf Lesskimun Framburðarkönnun Stafakönnun	sept, jan, maí okt nóv að lokinni innlögn	Umsjónarkennari Umsjónark / sérk Sérkennari Umsjónark / sérk	X X x	x
2.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf Lesmál	sept, jan, maí apríl	Umsjónarkennari Umsjónarkennari	X x	
3.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf LOGOS skimun Orðarún	sept, jan, maí jan-feb jan, maí	Umsjónarkennari Sérkennari Umsjónarkennari	X x	x
4.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf Samræmd próf Oðrarún	sept, jan, maí sept jan, maí	Umsjónarkennari Umsjónark / sér Umsjónarkennari	X X x	
5.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf Orðarún	sept, jan, maí jan, maí	Umsjónarkennari Umsjónarkennari	X x	
6.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf LOGOS skimun Orðarún	sept, jan, maí nóv/ des jan, maí	Umsjónarkennari Sérkennari Umsjónarkennari	X X	X
7.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf Samræmd próf Oðrarún	sept, jan, maí sept jan, maí	Umsjónarkennari Umsjónark / sérk Umsjónarkennari	X X X	
8.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf LOGOS skimun Orðarún	sept, jan, maí apríl /maí jan, maí	Umsjónarkennari Sérkennari Íslenskukennari	X X x	
9.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf Samræmd próf	sept, jan, maí mars	Umsjónarkennari Sérkennari	X	X
10.bekkur	Lesferill / lesfimiþróf	sept, jan, maí	Umsjónarkennari	X	

Skilgreiningar og viðmið um árangur

Stafakönnun

Sérkennari kannar þekkingu nemenda á heiti og hljóðum bókstafanna. Könnunin er lögð fyrir einstaklingslega og eins oft og þurfa þykir eftir námstöðu nemanda. Stafakönnun er forsenda þess að vinna markvist með stafi og hljóð sem nemandi hefur ekki náð tökum á, samhliða stöfum sem hann þekkir.

Framburðarskimun

Við upphaf grunnskólagöngu fylla foreldrar nemenda í fyrsta bekk út gátlista Lesskimunar Umsjónarkennari skoðar tiltækar upplýsingar varðandi nemendur svo sem greiningargögn, skýrslur og upplýsingar frá leikskóla, til að fá sem gleggsta sýn á stöðu þeirra í námi og félagslegum þroska. Sérkennari skimar einnig fyrir framburðarfrávikum hjá nemendum.

Markmið prófsins er

Að finna þau börn sem eru með framburðarfrávik en hafa einhverra hluta vegna ekki fengið talþjálfun á leikskólaaldri
--

Að grípa inn í sem fyrst og aðstoða barnið við að ná réttum framburði.
--

Að kennarar séu meðvitaðir um að flóknari framburðarfrávik geta verið vísbending um hljóðkerfisröskun sem getur haft neikvæð áhrif á lestrarferlið.

Ef einhver af eftirtöldum framburðarfrávikum koma fram hjá barninu fellur það undir viðmið til íhlutunar

Barnið notar ekki rétt /r/ hljóð.

Barnið notar ekki rétt /s/ hljóð.

Barnið er með fimm orð eða fleiri rangt fram borin af listanum.

Barnið er mjög óskýrt í sjálfssprotnu tali t.d. sleppir endingum orða eða

Lesskimun fyrir 1. bekk

Lesskimun er skimunarpróf sem lagt er fyrir í 1. bekk í byrjun október. Prófið er hannað af þverfaglegum hópi sérfræðinga fyrir kennara á yngsta stigi grunnskólans. Lesskimun er byggð á stöðluðum matstækjum sem gefa kennurum og foreldrum góða mynd af stöðu nemenda í lestri. Út frá niðurstöðum er hægt að endurskoða markmið og leiðir og laga kennsluna enn betur að þörfum hvers og eins. Niðurstöður prófsins eru skráðar í gagnagrunn Menntamálastofnunar og hægt er að skoða stöðu hvers nemanda miðað við jafnaldra Umsjónarkennari og sérkennari leggja prófið fyrir. Prófið er lagt fyrir í tveim hlutum með eins dags millibili.

Prófið skimar eftirfarandi þrjá þætti:

Hljóðkerfisvitund hefur mest með lesturinn að gera. Hún er skilningur barnsins á því hvernig greina má töluð orð og setningar í einingar.

Bókstafa og hljóðabekking er forsenda þess að barn geti lært að umskrá. Ef barn þekkir ekki bókstafi getur það ekki lært að tengja bókstaf og hljóð og tengja það síðan saman í orð.

Málþroski er sú grunnþekkingu á málinu sem þarf til þess að skilja merkingu texta.

Markmið prófsins er

Að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram í sækir

Að veita kennurum upplýsingar um stöðu einstakra nemenda svo unnt sé að haga kennslunni á viðeigandi hátt

Að veita kennurum færi á að safna upplýsingum sem gæti orðið grunnur að frekari greiningu og meðferð sérfræðing

Viðmið um árangur skimunarprófsins

Utan áhættu: Lesskimun bendir ekki til áhættu á vandkvæðum við lestrarnám.
Óvissa: Lesskimunarniðurstöður óljósar, hugsanlega er hætt við vankvæðum við lestrarnám
Áhætta 2: Lesskimun bendir til nokkurrar hættu á vandkvæðum við lestrarnám
Áhætta 1: Lesskimun bendir til hættu á vandkvæðum við lestrarnám

Lesfimiþróf

Notuð eru raddlestrarpróf frá MMS til að meta lestur nemenda. Sama próf er lagt fyrir allan árganginn hverju sinni til að hægt sé að fylgjast með stöðu nemandans miðað við jafnaldra á öllu landinu og um leið fylgjast með framförum hans. Leshraðinn er metinn með því að telja orðafjölda rétt lesinna orða sem nemandi les að meðaltali á mínútu.

Lesmál

Lesmál er staðlað hóppróf sem metur grunnþætti í lestri og réttiritun hjá nemendum í 2.bekk grunnskóla. Prófbættir eru fjórir: umskráning, lesskilningur, hraðlestur og réttiritun.

Árangursviðmið prófsins byggja á frammistöðu nemenda í apríl í 2.bekk. Lesmál er hugsað til leiðsagnar fyrir kennara og nemendur við kennslu og nám.

Viðmið um árangur skimunarprófsins er:

91 – 100% atriða rétt leyst	Mjög gott
71 – 90% atriða rétt leyst	Gott
51 – 70% atriða rétt leyst	Meðal
30 – 50% atriða rétt leyst	Slakt
11 – 29% atriða rétt leyst	Mjög slak
0 – 10% atriða rétt leyst	Afar slakt

LOGOS – skimunarpróf

Prófað er í eftirfarandi þáttum úr greiningarprófinu LOGOS: lesfimi, lesskilningi, lestri með hljóðaaðferð og lestri út frá rithætti. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að lestrarerfiðleikar séu greindir sem fyrst svo grípa megi tímanlega inn í með viðeigandi hætti

Viðmið 1	Raðeinkunn 1-15	Foreldrar upplýstir um markmið og leiðir.
Viðmið 2	Raðeinkunn 16-30	Foreldrar upplýstir um markmið og leiðir.

LOGOS (dyslexíu-greining)

LOGOS er tölvutækt greiningapróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni nemenda og er staðlað fyrir íslenska nemendur. Prófinu er ætlað að greina nánar lestrarerfiðleika eða staðfesta grun um lestrarerfiðleika sem komið hafa fram hjá nemendum í almennum lestrarprófum. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. LOGOS hefur að geyma tvo prófaflokka: Fyrri flokkurinn er ætlaður nemendum í 3. - 5. bekk og sá síðari 6. – 10. bekk og fullorðnum. Í LOGOS eru margir prófhlutar sem ná yfir hin ýmsu svið lestrarfærinnar. Þeir eru: lesskilningur, leshraði, hlustun og skilningur, hugtakaskilningur, umkóðunarferlinu og undirþættir í umkóðunarferlinu.

Orðarún

Prófin meta lesskilning nemenda á lesnu efni, bæði afþreyingar- og fræðsluefni. Allir nemendur í 3.-8. bekk fara í lesskilningspróf í janúar og aftur í maí. Prófin eru stöðluð og eru tvö próf fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Orðarún kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum. Prófið kannar einnig hversu vel nemendur geta lesið á milli línanna og þannig dregið ályktanir um þætti sem standa ekki beinlínis í textanum. Að auki gera nemendur grein fyrir þekkingu sinni á erfiðum orðum og orðasamböndum. Niðurstöður prófsins segja fyrst og fremst til um hvernig til hefur tekist í námi og kennslu og er prófið því leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemandann í námi.

Viðbrögð

Nemendur sem falla undir óvissu eða hugsanlega hættu á vandkvæðum við lestrarnámið þarf að gefa sérstakan gaum þó þeir falli, að svo stöddu, ekki undir eftirlit sérkennara og víðtæk inngríp. Mikilvægt er að ákveðin inngríp fari í gang og umsjónarkennari geri viðbragðsáætlun fyrir einstaka nemendur eða hópa ef svo ber undir. Hvaða leið verður fyrir valinu er ákvörðun umsjónarkennara, sem einnig getur leitað ráða hjá sérkennara. Í 1. – 4. bekk er stigskipt kennsla. Þar er nemendum raðað í námshópa eftir námsþörfum og einfalda lestrarlíkaninu.

Einnig er horft til annarra lausna eins og

- Að bjóða nemanda og foreldrum lestrarátak heima fyrir.
- Að hafa lestrarátak/lestrarnámskeið í bekknum.
- Að nemandinn fái aukna lestraraðstoð í skólanum.
- Að aðlaga námsefnið betur að þörfum nemandans.

Samvinna heimilis og skóla í lestrarnámi barna

Stuðningur foreldra við lestrarnám barna sinna alla skólagönguna getur haft mikil áhrif á hversu farsælt það verður. Reglulegur heimalestur, rík málræn samskipti og lestrarhvetjandi umhverfi almennt vega þar þyngst. Mikilvægt hlutverk þeirra í lestrarþjálfuninni er heimalestur allt skólaárið.

Barnið þarf að lesa upphátt daglega í a.m.k. 15 mínútur. Í upphafi er nauðsynlegt að lesa hverja blaðsíðu tvisvar eða þrisvar og gefur kennari þá fyrirmæli um slíkar áherslu. Hluti af lestrarnáminu er að skrá lestur barnsins á skráningarblað/bók sem barnið hefur ásamt bókinni í lestrarvasa og hefur alltaf í skólatöskunni. Umsjónarkennari skoðar kvittanahefti reglulega, heldur bókhald yfir lesturinn og afhendir barninu nýjar bækur þegar þess þarf. Skráð er í Mentor.is ef heimalestri er ekki sinnt.

Mikilvægt er að setja heimalesturinn inn í rútnu heimilisins og skapa rólegt og afslappað umhverfi þegar barnið les. Nauðsynlegt er að sitja hjá barninu og fylgjast með lestrinum og leiðréttu þegar orðin eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið.

Mikilvægt er að hætta ekki að lesa fyrir börnin þó að þau lesi sjálf. Hver sagði að kósíkvöld ættu að vera sjónvarpskvöld? - Prófið kósíkvöld með góðri bók – lesið upphátt, hlustið á börnin lesa eða hlustið saman á hljóðbók. Það má alveg poppa fyrir bóklestur eins og bíómyndir. Tengid lestur bóka við notalegar fjölskyldustundir, gæðastundir þar sem þið getið spjallað saman, hlegið saman og styrkt böndin. Lestur er fjölskylduverkefni sem bæði mamma og pabbi þurfa að sinna – eða báðar mömmurnar og báðir pabbarnir eða stjúpmömmurnar og stjúppabbarnir, ömmurnar og afarnir, frænkurnar og frændurnir... lestur ætti að vera fastur liður hjá öllum fjölskyldum; fjölmönnum, fámönnum, fjörugum, þöglum, heimkærum og útilífsóðum. Ekkert barn ætti að fara á mis við fjölskyldulestur – fram eftir öllum aldri.